

Mat á stærð og lögun ljósopa

Tilgangur : Meta ástand 3. heilataugar og heilans að nokkru leiti.

Þriðja. heilataugin (nervus oculomotor) gengur þvert í gegnum heilann, þ.e. frá augum og festist svo á heilastofninn. 3. heilataugin sendir boð til ljósopa um að dragast saman eða víkka út eftir því hvaða áreiti hún fær. Óeðlileg stærð, lögun, eða svörun ljósopa bendir oftast til þess að það sé þrýstingur á tauginni vegna fyrirferðaraukningar í heila.

Eðlileg stærð ljósopa er 2-6 mm, hæ og vi eiga að vera jafnstór.

U.þ.b. 5% fólks með misvíð ljósop, munurinn lítil ca. 1mm

Mjög lítil ljósop, geta verið merki um inntöku stórra skammta af opiötum.

Mjög stór ljósop, geta verið merki um miklar heilaskemmdir Misvíð ljósop, það ljósop sem er stærra svarar ekki ljósáreiti, bendir til þrýstings á 3. heilataug vegna blæðingar, bjúgs, æxlis sömu megin í heila og ljósop er víkkað. Eðlilegt er að ljósopin séu hringlaga. Eggjala lögun er merki um hækkaðan innankúpuþrýsting og er alvarlegt einkenni. Óregluleg lögun getur verið merki um áverka á augntóft.

Viðbótarskýringar á efninu Alzheimer og parkison.

Alzheimer sjúkdómur hrörnunarsjúkdómur í heila, sem leiðir að lokum til heilabilunar. Það skal tekið fram að heilabilun getur orsakast af fleiri sjúkdómum en Alzheimer sjúkdómi. Algengasta skilgreining á heilabilun er eftirfarandi: „Heilabilun er ástand þar sem minni og önnur vitræn geta hefur minnkað svo mikið að það kemur niður á hinu daglega lífi, svo sem vinnu, heimilislífi og tómstundum; (Jón Snædal, Úr árunum eftir sextugt, 1996, bls. 392). Dæmigerðar breytingar á heilavef í Alzheimer sjúkdómi eru rýrnun á ákveðnum svæðum heilans sem eru mikilvæg fyrir minni og tvennskonar útfellingar í heila, svokallaðar elliskellur (próteinútfellingar) sem eru fyrir utan taugafrumur og taugaþráðaknippi sem sjást inni í taugafrumum. Grundvallareinkenni í Alzheimer sjúkdómi eru minnisleysi, og fer skammtímaminnið fyrst, verkstol, sem lýsir sér þannig að viðkomandi getur ekki lengur framkvæmt áður lærðar athafnir t.d. að klæða sig og veit ekki til hvers verkfæri/hlutir eru notaðir t.d. sími, tannbursti, hamar o.fl., túlkunarstol, viðkomandi rangtúlkar umhverfið, málstol, viðkomandi hættir að geta tjáð sig smám saman. Þessi sjúkdómur er ólæknandi og meðferðin felst í góðri hjúkrun og eftirliti. Þessir einstaklingar þrífast yfirleitt best í sínu gamla umhverfi, en oft þurfa þeir að fara á stofnun á lokastig sjúkdómsins.

Varðandi Parkinsonsveiki vil ég benda á þrjú grundvallareinkenni, þau eru: hægt vaxandi tregða í hreyfingum, vöðvastirðleiki og skjálfti. Öll þessi þrjú einkenni verða að vera til staðar, þegar sjúkdómurinn er greindur.